



GOLFKLÚBBUR SUÐURNESJA

Fyrirmyndarfélag

2021

Efnisyfirlit

1: Inngangur	3
2: Markmið og skipulag	3
2.1: Markmið	3
2.2: Skipurit Golfklúbbs Suðurnesja	4
2.3: Skipulag afreksnefndar	5
2.4: Skipulag foreldraráðs	5
3: Kennslu og æfingaskrá	5
3.1: Andi stefnunar	6
3.2: Skilgreiningar	6
3.3: Kennsluskrá	6
3.4: Framkvæmd	8
3.5: Keppnir	9
3.6: Verðlaun og viðurkenningar	10
3.7: Þjálfun og æfingar	11
3.8: Æfingaáætlun	11
3.9: Æfingar	12
5: Agamál	13
5.1: Siðareglur Golfklúbbs Suðurnesja	13
6: Fjármálastjórn	14
6.1: Fjármál almennt	14
6.2: Bókhald	14
6.3: Fjárhagsáætlun	15
6.4: Tekjur	15
6.5: Útgjöld	15

6.6: Yfirferð og samþykkt útgjalda	15
6.7: Kjör og starfssamningar þjálfara og leiðbeinenda	15
7: Þjálfaramál	16
7.1: Samráð og samstarf meðal þjálfara	16
8: Félagsstarf	17
9: Foreldrastarf	17
10: Fræðslu- og forvarnarstarf	18
10.1: Forvarnarsamþykkt Golfklúbbs Suðurnesja	18
11: Jafnréttismál	20
12: Umhverfismál	20
Viðauki 1 - Jafnréttisáætlun Golfklúbbs Suðurnesja	21
Viðauki 2 - Persónuverndarstefna Golfklúbbs Suðurnesja	23
Viðauki 3 - Æfingaskrá	27
Viðauki 4 - Rekstrar- og fjárhagsáætlun Golfklúbbs Suðurnesja	28
Viðauki 5 - Starfslýsing íþróttastjóra og þjálfara/aðstoðarmanna	31
Viðauki 6 - Nafnalisti - Íþróttastjóri/leiðbeinendur	32

1: Inngangur

Handbók þessi lýsir stefnu Golfklúbbs Suðurnesja, í samræmi við leiðbeiningar ÍSÍ um gæðaverkefnið – Fyrirmyndarfélagið, auk gagna frá ÍRB. Það sem fram kemur hér á við um allt starf innan Golfklúbbs Suðurnesja.

Í handbókinni er reynt að leggja áherslu á alla þætti félagsstarfsins. Handbókin verður endurskoðuð ár hvert, og oftast ef ástæða er til. Breytingar og uppfærslur verða samræmdar af aganefnd og endanlega samþykktar af stjórn klúbbsins. Framkvæmdastjóri sér um útgáfu, uppfærslur og birtingu á vefsíðu Golfklúbbs Suðurnesja.

Í samræmi við umhverfisstefnu eru skjöl er taka breytingum höfð sem viðaukar við handbókina.

Nýjustu útgáfu verður ávallt hægt að nálgast á vefsíðu Golfklúbbs Suðurnesja.

2: Markmið og skipulag

2.1: Markmið

Félagsleg

- Að öllum iðkendum líði vel og hafi ánægju af æfingum og keppni og að tekið sé tillit til mismunandi þarfa iðkenda
- Að iðkendur læri að vera hluti af liðsheild og beri virðingu fyrir öllum sem að íþróttinni koma
- Að iðkendur verði að betri þjóðfélagspegnum
- Að jafnréttis verði gætt til hins ýtrasta
- Að allir iðkendur, starfsmenn, stjórn og foreldrar fylgi stefnu, reglum og leiðbeiningum sem um starfsemi þessa gildir, hvort heldur um sé að ræða efni útgefið af ÍSÍ, Golfsambandi Íslands, Golfklúbbi Suðurnesja, ÍRB eða umsjónarmönnum íþróttamannvirkja
- Að ná til sem flestra barna og unglunga á Suðurnesjum og gera þau virk í íþrótt- og félagsstarfi
- Að auka þátttöku barna og unglunga í félagsstarfinu
- Að virkja sem flesta foreldra
- Að skilgreina og styðja við hlutverk þjálfara
- Að fara eftir jafnréttisáætlun fyrir Golfklúbb Suðurnesja, sjá viðauka 1
- Að fara eftir persónuverndarstefnu Golfklúbbs Suðurnesja, sjá viðauka 2

Íþróttaleg

- Að iðkendur nái sem mestum tókum á íþróttinni miðað við eigin forsendur

- Að sveitir Golfklúbbs Suðurnesja verði ávallt í fremstu röð á landinu
- Að framkoma iðkenda verði Golfklúbbi Suðurnesja ávallt til sóma
- Að tekið verði sérstaklega á framkomu iðkenda, og annarra starfsmanna er að íþróttinni koma
- Að iðkendur taki virkan þátt í öllu starfi Golfklúbbs Suðurnesja

Fjármálaleg

- Að reksturinn sé sjálfbær og standi fjárhagslega undir sér
- Að tekjum og styrkjum vegna barna- og unglingastarfs verði ráðstafað til barna- og unglingastarfs og verkefna er koma því starfi til góða
- Að ekki sé stofnað til útgjalda umfram tekjur og styrki
- Að meðferð fjármuna verði ábyrg og í samræmi við lög og reglur hverju sinni
- Að fjárhagsáætlun standi
- Að rekstur barna- og unglingastarfs sé birtur árlega með aðgreindum hætti í ársreikningi Golfklúbbs Suðurnesja

2.2: Skipurit Golfklúbbs Suðurnesja



2.3: Skipulag afreksnefndar

Stjórn Golfklúbbs Suðurnesja skal skipa formann afreksnefndar fyrir desemberlok ár hvert sbr. 15. gr. laga Golfklúbbs Suðurnesja. Formaður nefndarinnar fær síðan með sér tvo til fjóra nefndarmenn til starfa í nefndinni.

Nefndin kemur sér saman um verkaskiptingu á fyrsta nefndarfundi hvers starfsárs sem skal haldinn eigi síðar en í lok janúar. Helstu verkefni afreksnefndar eru:

- Að marka stefnu í samræmi við viðteknar hefðir, handbók þessa, stefnu ÍSÍ, GSÍ og ÍRB
- Áætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni. Tillögur til stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja um umfang og framkvæmd þjálfunarmála barna og unglunga
- Tillögur til stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja varðandi verksvið og starfslýsingu íþróttastjóra
- Skipulagning vegna þátttöku barna og unglunga Golfklúbbs Suðurnesja í mótum
- Tilnefna áheyrnarfulltrúa í stjórn klúbbsins á aldursbilinu 16-25 ára
- Úrlausn vandamála er upp koma í starfi
- Foreldrastarf
- Félagsstarf
- Stuðningur við íþróttastjóra
- Eftirfylgni með starfi íþróttastjóra
- Dreifing upplýsinga
- Fjárhagslegt aðhald
- Námskeiðahald

2.4: Skipulag foreldraráðs

Formaður foreldraráðs skal skipaður árlega á fyrsta fundi afreksnefndar Golfklúbbs Suðurnesja. Formaður ráðsins fær síðan með sér að jafnaði tvo nefndarmenn til starfa í ráðinu. Um verkefni foreldraráðs er fjallað í kafla 9 í handbók þessari.

3: Kennslu og æfingaskrá

Starf Golfklúbbs Suðurnesja tekur mið af stefnuyfirlýsingu ÍSÍ sem samþykkt var á 74. Íþróttapingi ÍSÍ 4. maí 2019 og stefnu GSÍ um íþróttir barna og unglunga hverju sinni. Allt stjórnarfolk og starfsmenn, einkum þjálfarar, skulu kynna sér árlega stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga og önnur gögn er málið varðar.

Æfinga- og kennsluskrá skal endurskoða og gefa út í upphafi hvers starfsárs.

3.1: Andi stefnunar

Golfklúbbur Suðurnesja hefur það að leiðarljósi, samanber stefnu ÍSÍ og ÍRB, að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi; líkamlega, andlega og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir iðkendur til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar.

Með skipulegri og markvissri þjálfun er stefnan að skapa börnum og unglingum aðstæður til að verða afreksmenn á lands- eða alþjóðamælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og andlega hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku eða keppnisgolf fái tækifæri til að stunda golfíþróttir við sitt hæfi.

Með neðangreindum aðferðum er stefnt að aukinni þátttöku í íþróttum og skapa um leið aðstæður fyrir fleiri afreksmenn og meiri afrek en áður hefur þekkt. Þá skal sérstaklega unnið gegn brottfalli úr íþróttum, þ.e.a.s. ef einhver finnur sig ekki í golfíþróttinni að beina honum/henni í aðrar greinar.

3.2: Skilgreiningar

- Með barnaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum til og með 12 ára.
- Með unglingaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum 13–18 ára.
- Með afrekshópi er átt við kyflinga sem náð hafa viðmiði Gólf sambands Íslands sem afreksefni óháð aldri.

3.3: Kennsluskrá

Íþróttþjálfun barna og unglinga hafi eftirfarandi markmið:

a: 8 ára og yngri

- Að kynna íþróttina fyrir börnum eins fljótt og verða má, því hún veitir alhliða líkamsþjálfun, góða skemmtun, félagsskap, stuðlar að einbeitni, sjálfsaga og félagslegum þroska
- Að kenna undirstöðuatriði í íþróttinni
- Að kenna helstu reglur golfleiks
- Að kynna iðkendum þá skipulagshugsun sem að baki íþróttinni býr
- Að auka hreyfiþroska
- Að ná til eins stórs hóps barna og mögulegt er
- Að fyrstu kynni af íþróttinni verði jákvæð svo að íþróttáhugi skapist fyrir lífstíð
- Að byggja grunn að íþróttamannslegri hegðun
- Að hafa leik og gleði í fyrirrúmi
- Stuðla að því að fjöldi iðkenda í hverjum aldursflokki haldist sem mestur

b: 9-12 ára

Til viðbótar upptalningu í grein 3.3 a):

- Að kenna hin ýmsu leikform golfleiks
- Að bæta tæknilega færni
- Að auka þol
- Að auka kraft
- Að auka liðleika
- Að viðhalda íþróttaáhuga fyrir lífstíð
- Að auka skilning á þróðmennsku

c: 13-15 ára

Til viðbótar við upptalningu í greinum 3.3 a) og 3.3 b):

- Að auka alhliða færni iðkenda í íþróttinni, dýpka skilning þeirra á nauðsynlegu skipulagi og efla þrótt og þrek með líkamsþjálfun sem við á
- Að viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni
- Að skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með íþróttastarfinu
- Að kynna keppnis- og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist
- Að efla félagslegan þroska iðkenda á æfingum, í keppni og í félagsstarfsemi í tengslum við íþróttaiðkunina
- Að kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka íþróttir sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins
- Að stuðla að forvörnum gegn vímuefnanotkun með því að bjóða upp á heilbrigðar tómstundir í stað iðjuleysis sem gæti orðið jarðvegur fyrir vímuefnaneyslu
- Að auka þátttöku í störfum tengdum félagsrekstrinum, þ.e.a.s. aðstoð við mót og keppnir
- Að viðhalda eða auka fjölda iðkenda í öllum aldursflokkum
- Að undirbúa iðkendur fyrir keppnis- og afreksþjálfun
- Að bæta þróðmennsku og framkomu

d: 16-18 ára

Til viðbótar við upptalningu í greinum 3.3 a), 3.3 b) og 3.3 c) (eftir því sem við á):

- Að allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir
- Að stuðla að góðum félagsskap sem gagnast hverjum iðkanda og klúbbum í heild
- Að auka þjálfunarálagið verulega
- Að innleiða afrekshugsunarhátt hjá þeim sem stefna að þátttöku í keppnis- og afreksíþróttum
- Að skapa möguleika fyrir þá sem vilja iðka íþróttir sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins
- Að byggja upp keppnis- og afreksfólk innan Golfklúbbs Suðurnesja

e: Afrekshópur

Til viðbótar við allt hér að ofan:

- Nánari útlitun á öllum þjálfunarháttum
- Nákvæmur skilningur á öllum þáttum leiksins
- Hugurþjálfun afrekskylfinga tekin meira inn í hversdagslega þjálfun
- Æfingamagn utan æfinga skal vera amk. 10 klst. per viku. Á undirbúningstímabili (jan-maí)

3.4: Framkvæmd

Stefnt verði að eftirfarandi leiðum að settum þjálfunarmarkmiðum:

a: 8 ára og yngri

- Að æfingarnar séu fjölþættar og stuðli að bættum hreyfiproska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar
- Að þjálfunin fari fram í leikjaformi
- Að æfingarnar séu skemmtilegar
- Að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku
- Að sjá til þess að öll börn á þessum aldri hafi tækifæri til að stunda íþróttina innan klúbbsins

b: 9-12 ára

- Að æfingarnar séu fjölþættar
- Að kenna golfreglur, siðareglur og staðarreglur
- Að aðaláherslan í þjálfuninni sé á þjálfun tæknilegrar færni
- Að börnin séu hvött til að kynna sér og reyna sem flestar íþróttagreinar
- Að æfingarnar feli í sér þol, kraft og liðleikaæfingar
- Að æfingarnar séu skemmtilegar
- Að háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd
- Að öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu
- Að hvetja börnin til að leika til forgjafar

c: 13-15 ára

- Að æfingarnar séu fjölþættar
- Að æfingarnar byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikaþjálfun
- Að þeirri tæknilegu færni sé viðhaldið sem áður var lærd
- Að í lok þessa aldurs skeiðs hefjist sérhæfing í golfíþróttinni
- Að sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglíngum félagslega góðar aðstæður innan golfklúbbsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ýtrasta
- Að fræðsla um vöxt og þroska fari fram

- Að fræðsla um heilbrigðan lífsstíl fari fram
- Að allir unglingar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.
- Að sjá til þess að skapa sem jöfnust tækifæri til að stunda keppnisgolf annars vegar og almennan golfleik hins vegar

d: 16-18 ára

- Að æfingarnar séu alhliða og fjölþættar þannig að allir þjálfunarþættir séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika hvers einstaklings
- Að unglungunum sé gerð full grein fyrir hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksíþróttum
- Einstaklingsmiðuð þjálfun eykst til muna

e: Afrekshópur

- Að sérhæfð afreksþjálfun fari fram og æfingaálagið sé aukið verulega frá því sem áður var sé stefnt að þátttöku í afreksíþróttum
- Að gera greinarmun á afreksgolfi þar sem árangur í keppni er aðalmarkmiðið annars vegar og hins vegar almennu golfi þar sem áhersla er lögð á hreyfingu og félagsskapinn umfram árangur í keppni sem slíkri.
- Sérhæfing kyflinga í öllum þáttum leiksins þjálfuð sérstaklega
- 100% mætingarskylda á æfingar

3.5: Keppnir

Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara svo auka megi líkur á að ná settum þjálfunarmarkmiðum

a: 8 ára og yngri

Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér.

- Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu. Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni. Þjálfari raðar í flokka eða gefur forgjöf eftir getu

b: 9-10 ára

Keppni skal fara fram á félagsmótum eða GSÍ mótum skipulögðum fyrir börn undir 12 ára.

- Áhersla skal lögð á liða- og einstaklingskeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu. Þjálfari raðar í flokka eða gefur forgjöf eftir getu

c: 11-12 ára

Keppni skal fara fram á félagsmótum eða GSÍ mótum skipulögðum fyrir börn undir 12 ára.

- Áhersla skal lögð á liða- og einstaklingskeppni með forgjöf og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu og þroska

d: 13-15 ára

Keppni skal fara fram á félagsmótum, GSÍ mótum og hugsanlega erlendis.

- Liða- og einstaklingskeppni skal vera í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrri aldursskeið á einstaklinga

e: 16-18 ára

Keppni skal fara fram á félagsmótum, GSÍ mótum og hugsanlega erlendis.

- Árangur í keppni orðið markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við hvort sem um lið eða einstakling er að ræða

e: Afrekshópur

Keppni skal fara fram á félagsmótum, GSÍ mótum, í háskólagolfi, landsliðum eða atvinnumennsku

- Árangur miðast ávallt við að geta keppt við bestu kylfinga hvers liðs sem taldir eru upp hér að ofan

3.6: Verðlaun og viðurkenningar

Verðlaunaveitingar í keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

a: 10 ára og yngri

- Allir fái jafna viðurkenningu fyrir þátttöku

b: 11-12 ára:

- Einstaklingar eða lið vinni til verðlauna

c: 13 ára+

- Einstaklingar eða lið vinni til verðlauna
- Einstaklingar geta unnið til verðlauna t.d. fyrir framúrskarandi árangur, framfarir, þróðmennsku og framkomu

Verðlaunaveitingar á uppskeruhátíðum/verðlaunahátíðum séu í anda þess sem fram kemur hér að framan

3.7: Þjálfun og æfingar

Við þjálfun skal helsta markmiðið vera að efla alhliða þroska, jafnt líkamlegan, andlegan sem félagslegan og bæta tækni einstaklingsins í golfíþróttinni. Þjálfarar þurfa að sjá um að iðkendur fái verkefni við sitt hæfi, aðstoða þá í þjálfuninni, hvetja til áframhaldandi iðkunar og sjá til þess að þeir tileinki sér hollar og heilbrigðar lífsvenjur.

Þá er lögð á það áhersla í barna- og unglingastarfi að þjálfarar séu í góðu sambandi við foreldra sem og grunnskóla í nágrenni félagsins. Þjálfarar skulu vera útsjónarsamir og hafa til að bera faglega þekkingu á líkamlegum, andlegum og félagslegum þörfum þess aldurshóps sem þeir eru að vinna með hverju sinni og að þeir skipuleggji þjálfun með hliðsjón af því. Mismunandi færni er algeng innan sama aldurshóps barna og unglunga í íþróttum. Því þarf að gera kröfur um markmiðssetningu og skipulag þjálfunar sem miðast við hvern og einn.

Yfirumsjón með þjálfun er í höndum íþróttastjóra Golfklúbbs Suðurnesja. Þjálfari skal setja markmið með þjálfuninni í samvinnu við aganefnd. Gera skal áætlun til lengri og skemmri tíma, auk þess skal undirbúa einstaka tíma vel.

Þjálfarar þurfa að gefa sér tíma með hverjum einstaklingi og koma til móts við þarfir hans. Séræfingar eða einstaklingsverkefni eru góðir kostir þar sem hver og einn fær að glíma við verkefni sem miðast við eigin getu. Þjálfun á að beinast að settum markmiðum sem skipuleggja þarf í einstökum atriðum. Þrátt fyrir að markmiðasetningar séu einstaklingsbundnar þarf að ná til heildarinnar þar sem hópar setja sér einnig sameiginleg markmið varðandi íslandsmót félagsliða.

Mikilvægt er að góð samvinna sé milli stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, þjálfara og þeirra sem að starfsemi klúbbsins koma.

3.8: Æfingaáætlun

a: Grunnþjálfun - fyrir 7-12 ára

Hér er lagt upp með að hafa æfingarnar sem skemmtilegastar og mikið unnið í hópum. Einnig er reynt að stunda fjölbreytta líkamspjálfun sem á að stuðla að bættri hreyfigetu. Einnig eru grunnatriði golftækninnar kennd þar sem þetta er besti tíminn á lífsleiðinni til að tileinka sér nýjar hreyfingar. Mikilvægt er á þessu aldursbili að iðkendur fá tækifæri á að innleiða góða tækni í gegnum golfþengda leiki þar sem skemmtanagildið er hátt.

b: Uppbyggingarþjálfun - fyrir 13-15 ára

Hér er lögð áhersla á aukna tækniþjálfun hjá iðkendum sem stundað hafa golf að einhverju leyti í grunnþjálfunar aldursbilinu. Á þessu aldursbili er lögð áhersla á leikskilning, markmiðasetningu til skamms og lengri tíma og einnig ættu iðkendur að fara að taka ákvörðun varðandi sína framtíðarsýn í íþróttinni.

c: Ungmennþjálfun - fyrir 16-18 ára

Hér er tækniþjálfunin á háu stigi og kylfingurinn orðinn nánast sinn eigin þjálfari hvað tækniatriði varðar. Hér er einnig lögð mikil áhersla á leikskipulag, þar sem kylfingurinn á að verða tilbúinn í keppnisgolf.

d: Afreksþjálfun

Hér er lagt mikið upp úr því að kylfingurinn kunni að æfa sig sjálfur án eftirlits. Hugarþjálfun kemur hér sterk inn sem hluti af þjálfun leikmanna til að gera kylfinga reiðubúin í að keppa meðal þeirra bestu hérlendis sem erlendis.

3:9: Æfingar

Æfingar í júní til og með ágúst verða samræmdar starfstíma skólanna.

- 12 ára og yngri æfa 1 klst á dag, 3 sinnum í viku.
- 13-15 ára æfa 1 klst á dag, 4 sinnum í viku.
- 16-18 ára æfa 90 min. á dag, 5 sinnum í viku.
- Afrekshópur æfir 90 min á dag, lágmark 6 sinnum í viku
- Iðkendur 13-18 ára fá einkaþjálfun í samráði við þjálfara.

Yfir vetrartímann fara æfingar fram í inniaðstöðu í íþróttakademíunni, Reykjanesbæ. Þá æfa allir aldurshópar 1 klukkustund minna en yfir sumartímann.

Unnið verður með eftirfarandi atriði:

- Golf tæknin verður kynnt þeim yngstu og haldið verður áfram að byggja ofan á þekkingu þeirra sem lengra eru komnir.
- Tímabilinu er skipt í mismunandi tækniþætti þ.e.a.s byrjað verður á stuttu höggnum (auðvelt) og síðan stigvaxandi farið í flóknari atriði golfleiksins. Barna- og unglíngastarfið er byggt þannig upp að hóparnir eru litlir svo að þjálfari hafi meiri tíma í hvern og einn. Einnig er skipt í hópa með hliðsjón af aldri og getu. Þetta verður til þess að enginn er hindraður í rétttri og fljótri framför.
- Styrktar- og teygjuæfingar sem snúa að golfleiknum eru kynntar og æfðar. Þetta er sniðið í hæfilegu magni eftir aldri. Einnig er iðkendum kennt að hita sig rétt upp og mikilvægi upphitunar í íþróttum.
- Farið er yfir leikskipulag, golf- og siðareglur.
- Hjá þeim sem lengra eru komnir, þurfa krakkarnir að spila minnst einu sinni í viku 18 holur og skila skorkorti til íþróttastjóra. Þetta er þáttur í því að undirbúa krakkana fyrir þátttöku í golfmótum og halda utan um sína forgjöf.
- Haldnir verða fyrirlestrar um ýmsa þætti sem tengjast golfíþróttinni, t.d. markmiðasetningu, golf tækni, reglur og siðareglur, mataræði og fleira.

- Mikil áhersla er lögð á öryggisráðstafanir á æfingum barna og unglunga. Einnig er lagt upp með aga og virðingu sem nýtist kylfingnum vel bæði á golfvelli sem og í daglegu lífi.
- Börnum og unglungum verði kynntir þeir möguleikar að með góðum árangri komist þeir í afrekshópa golfklúbbsins og þar hefist næsta stig í þróun kylfingsins í áttina að því að geta orðið fullmótaður kylfingur.
- Hugtök sem iðkendur þurfa að þekkja eru a.m.k.: Þútt, vipp, glompuhögg, full sveifla, golfreglur, forgjöf og siðareglur.

5: Agamál

5.1: Siðareglur Golfklúbbs Suðurnesja

Siðareglur eru ætlaðar þeim sem koma að íþróttum, svo sem iðkendum, þjálfurum, foreldrum og starfsmönnum klúbbsins. Mikilvægt er að öllum séu kynntar þessar reglur og að allir fari eftir þeim í einu og öllu.

Iðkendur skulu hafa hugfast að:

- Koma ávallt heiðarlega fram og gera sitt besta og bera virðingu fyrir öðrum iðkendum
- Forðast neikvæða umræðu og reyna eftir bestu getu að snúa henni upp á jákvæðan hátt
- Þræta ekki eða deila við dómara
- Vera heiðarlegur gagnvart þjálfara og öðrum sem bera ábyrgð á þér við æfingar og keppni
- Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig
- Ganga vel um æfingaaðstöðuna og völinn
- Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan
- Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi hegðun gagnvart öðrum
- Forðast að neyta áfengis og tóbaks
- Neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn

Foreldrar og forráðamenn skulu:

- Sýna jákvæðni, sama á hverju dynur
- Gera aldrei grín að iðkanda
- Vera hvetjandi og sýna stuðning öllum börnum og unglungum
- Hvetja barn sitt til að stunda íþróttina vegna eigin ánægju, ekki þvinga það til þátttöku
- Hvetja barn sitt til að fara eftir og virða reglur klúbbsins
- Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni, trúarbrögðum eða fjárhag heimilisins

Þjálfarar og aðrir starfsmenn skulu:

- Leggja áherslu á heiðarleika og traust í starfi
- Styrkja jákvæða hegðun og framkomu
- Meðhöndla alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum
- Ganga úr skugga um að þjálfun og keppni sé við hæfi hvers og eins með tilliti til aldurs og getu einstaklingsins
- Leggja áherslu á heilsu og heilbrigði iðkenda
- Vera réttlátur og heiðarlegur gagnvart iðkendum
- Hafa gagnrýni á jákvæðum og uppbyggilegum nótum
- Leita samstarfs við aðra sérfræðinga þegar þess þarf
- Vera reiðubúinn að deila kunnáttu og reynslu þinni meðal annarra þjálfara eða starfsmanna
- Samþykkja aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun
- Sinna iðkendum á æfingum, en þess utan skal halda samskiptum á faglegum nótum
- Aldrei taka að sér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra
- Koma eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum og kynhneigð
- Tala ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja og neyslu áfengis og tóbaks
- Muna að þeir eru fyrirmynd, bæði utan vallar og innan

Kynferðisleg áreitni eða óviðeigandi náíð samband við iðkendur er undir engum kringumstæðum umborið.

6: Fjármálastjórn

6.1: Fjármál almennt

- Við stjórnun fjármála skal tryggja jafnræði kynja, barna og unglunga
- Fjármál barna- og unglungastarfs skulu, eins og hægt er, vera sjálfstæð og aðskilin öðrum rekstri Golfklúbbs Suðurnesja

6.2: Bókhald

- Yfirsýn verði yfir tekjur og gjöld einstakra hópa eins og við getur átt hverju sinni
- Bókhald skal vera samkvæmt:
 - Landslögum
 - Reglugerð ÍSÍ um fjárreiður o.fl., samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar 13. febrúar 2003
 - Leiðbeiningum og skipulagi GSÍ
- Bókhald er fært af skrifstofu Golfklúbbs Suðurnesja
- Öllum útgjöldum skulu fylgja fullnægjandi útskýringar, fylgigögn og samþykktir
- Skipulag bókhaldslykla skal vera samræmt

6.3: Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er lögð fram af stjórn á aðalfundi félagsins sem haldinn er í desember ár hvert

Varðandi fjárhagsáætlun barna og unglिंगastarfs:

- Fjárhagstillögur afreksnefndar ásamt forsendum skulu lagðar fram fyrir 15. nóvember ár hvert, til umfjöllunar í stjórn. Rekstrar- og fjárhagsáætlun barna- og unglिंगastarfs verður síðan lögð fyrir aðalfund sem hluti af heildaráætlun klúbbsins. Stjórn mun þá fela framkvæmdastjóra Golfklúbbs Suðurnesja afgangi, samræmingu og framkvæmd í samráði við stjórn, sjá viðauka
- Kostnaðarhlutdeild barna- og unglिंगastarfs skal skilgreind í fjárhagsáætlunum Golfklúbbs Suðurnesja

6.4: Tekjur

- Æfingagjöld eru helsta undirstaða tekna og í beinum tengslum við umfang
- Aðrar tekjur eru í formi styrkja og tekna af mótshaldi
- Óheimilt er að ráðstafa tekjum sem aflað er sérstaklega til barna- og unglिंगastarfs í annað en útgjöld tengd barna- og unglिंगastarfi

6.5: Útgjöld

- Helstu útgjöld eru þátttaka í greiðslum vegna kostnaðar við þjálfun, leiðbeinendur, búninga og keppnir (mótsgjöld, ferðir, gisting, fæði)

6.6: Yfirferð og samþykkt útgjalda

- Útgjöld samkvæmt samþykktri áætlun skulu aðeins greidd af framkvæmdastjóra Golfklúbbs Suðurnesja
- Öll önnur óhefðbundin útgjöld skulu samþykkt af formanni stjórnar og greidd af framkvæmdastjóra Golfklúbbs Suðurnesja, samanber þó samþykktir stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja
- Meiriháttar breytingar á áður samþykktri áætlun skulu samþykktar af afreksnefnd og sendar áfram til stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja til ákvörðunar

6.7: Kjör og starfssamningar þjálfara og leiðbeinenda

Þjálfarar og leiðbeinendur eru ráðnir til starfa sem starfsmenn Golfklúbbs Suðurnesja og skrifa undir ráðningarsamninga við félagið. Kostnaðarhlutdeild vegna þjálfunar barna og unglinga skal skilgreind í áætlunum Golfklúbbs Suðurnesja og launakjör og verkefni eru í samræmi við ákvörðun stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja

Helsta verkefni þjálfara er að sinna þjálfun barna og unglunga, frekari starfslýsingu má sjá í viðauka 5. Nafnalisti yfir þjálfara og leiðbeinendur skal uppfærður í byrjun hvers starfsárs, sjá viðauka 6.

7: Þjálfaramál

Stefna Golfklúbbs Suðurnesja er að þjálfarar og leiðbeinendur yngstu barna og unglunga hafi a.m.k. lágmarksmenntun samkvæmt kröfum ÍSÍ og GSÍ um menntun þjálfara og leiðbeinenda eða stundi námskeið til þess að afla sér slíkra réttinda. Gert er ráð fyrir að allir þjálfarar sem starfa fyrir Golfklúbb Suðurnesja hafi tilskilda menntun og/eða stundi námskeið eða nám til slíkra réttinda. Golfklúbbur Suðurnesja mun hvetja þjálfara og leiðbeinendur til aukinnar menntunar og aðstoði þá við að leita leiða við fjármögnun aukinnar menntunar sinnar á sviði þjálfunar.

Farið verður yfir menntunarstöðu þjálfara og leiðbeinenda við ráðningu og tryggt að námskeið verði sótt þar sem þess er þörf. Það er stefna Golfklúbbs Suðurnesja að ráða uppeldismenntaða þjálfara og leiðbeinendur fyrir yngstu börnin og er þá sérstaklega litið til íþróttakennara.

Aðstoðarþjálfarar/leiðbeinendur verði til staðar, ef um stóra hópa er að ræða samkvæmt mati afreksnefndar.

Í lok hvers starfsárs skal afreksnefnd í samráði við framkvæmdastjóra leggja mat á starfið og koma eftir atvikum með tillögum að úrbótum.

7.1: Samráð og samstarf meðal þjálfara

Þjálfarar og leiðbeinendur vinni allir eftir sömu vinnureglum m.t.t. aga, mætingar og til að styrkja samfelli í þjálfun hjá klúbbum.

Samráðsfundir með þjálfurum og leiðbeinendum verði haldnir í upphafi hvers starfsárs, á miðju starfsári og í lok starfsárs eða oft, samkvæmt mati aganefndar.

Á fyrsta fundi hvers starfsárs verður farið yfir:

- Kröfur til þjálfara og leiðbeinenda
- Námskeið
- Samræmdar starfsreglur
- Handbók þessa
- Kennslu- og æfingaskrá
- Mót

8: Félagsstarf

Félagsstarfið helst í hendur við æfingar og keppni hópanna. Innan þeirra skal stefnt að fjölbreyttum samverustundum utan æfinga og keppni, að lágmarki fjórum sinnum á leiktíð. Framangreint verður í umsjón viðkomandi þjálfara og leiðbeinenda í samstarfi við foreldra.

- Fastur viðburður er uppskeruhátíð í lok starfsársins. Annað félagsstarf verður samkvæmt mati stjórnar, íþróttastjóra og leiðbeinenda hverju sinni
- Stefnt er að þroskandi félagsstarfi, sem skipulagt er við hæfi og þroska hvers iðkanda.
- Stefnt er að virkri þátttöku foreldra í félagsstarfinu
- Þjálfarar og leiðbeinendur í samráði við foreldra viðkomandi hópa komi með áætlun þar um fyrstu viku maí mánaðar ár hvert
- Í samráði við foreldra er stefnt að utanlandsferðum hjá eldri aldurshópum
- Æfingahópar sem áætla utanlandsferðir hafi forgang varðandi möguleika á fjáröflunum
- Einn áheyrnarfulltrúi unglingsstarfs 16-25 ára situr í stjórn

Ferðastyrkir verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Golfklúbbs Suðurnesja í samráði við afreksnefnd.

9: Foreldrastarf

Golfklúbbur Suðurnesja leggur áherslu á að starfandi sé foreldraráð sem verði afreksnefnd og stjórn til ráðgjafar. Afreksnefnd hefur umsjón með að koma foreldrastarfinu af stað ár hvert og mynda starfsramma þann sem það mun vinna eftir.

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru settar fyrir foreldrastarfi:

- Formaður foreldraráðs boðar til foreldrafunda á hverju vori með öllum hópum í upphafi leiktíðar.
 - Þar verði verkefnum sem ráðið hyggst vinna að úthlutað til foreldra sem taka þátt
 - Keppnisferðir skipulagðar í samráði við afreksnefnd og eftir atvikum akstur á mót
 - Fjáraflanir undirbúnar og skipulagðar. Allar fjáröflunaráætlannir skulu vera samþykktar af stjórn félagsins
 - Foreldrastarf að öðru leyti skilgreint (Eftir atvikum háð aldri iðkenda)
- Einnig skal boða til fundar með foreldrum fyrir keppnisferðalög

Eftirfarandi meginreglur gilda um fjáraflanir:

1. Einstaklingssafnanir, eins og t.d. flöskusöfnun, vörusala og önnur sala fer á reikning fyrir hvern iðkanda. Afreksnefnd ákveður í samráði við foreldraráð hvort Golfklúbbur Suðurnesja haldi utan um viðkomandi fjármuni eða foreldrar viðkomandi iðkenda.
2. Hópsafnanir, eins og t.d. sameiginleg vinna, fer á reikning viðkomandi hóps eða einstaklinga og skal reynt að skipuleggja sem jafnast vinnuframlag hvers iðkanda.

3. Styrkir til barna- og unglingsstarfs skulu vera sérgreindir fyrir það starf.

10: Fræðslu- og forvarnarstarf

Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ, GSÍ og samþykkt ÍRB um forvarnir og fíkniefni, hefur Golfklúbbur Suðurnesja sett sér þá stefnu að áfengis-, tóbaks- og eða önnur fíkniefnaneysla eigi sér ekki stað í tengslum við golfiðkun á vegum Golfklúbbs Suðurnesja. Neysla áfengis og tóbaks er því alfarið bönnuð, nema eftirfarandi undantekningar:

- Í samræmi við starfsleyfi útgefið af yfirvöldum er heimilt að selja þeim sem til þess hafa hafa aldur áfengi í klúbbhúsi félagsins. Taka skal fullt tillit til viðveru barna og unglunga
- Heimilt er að selja þeim sem til þess hafa hafa aldur áfengi á samkomum í klúbbhúsi félagsins, þ.e.a.s. samkomum sem ekki eru ætlaðar börnum og unglungum
- Reykingar eru eingöngu heimilaðar á þar til afmörkuðu svæði

Golfklúbbur Suðurnesja leggur auk þess áherslu á að þjálfarar, leiðbeinendur, stjórnarmenn, starfsmenn, félagar og gestir virði þessar reglur án undantekningar.

10.1: Forvarnarsamþykkt Golfklúbbs Suðurnesja

Forvarnargildi íþróttá

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvernum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmönnum reiðir betur af og neyta síður vímuefna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuefna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Golfklúbbur Suðurnesja stefnir að því að efla enn frekar vímuvarnargildi íþróttá með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis og annarra vímuefna.

a: Neysla tóbaks og vímuefna

Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar, keppni og félagsstarf barna og unglunga á vegum Golfklúbbs Suðurnesja. Golfklúbbur Suðurnesja er auk þess andvígur neyslu tóbaks og vímuefna meðal ungmenna.

b: Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda

Golfklúbbur Suðurnesja mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og verða foreldrar undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu. Golfklúbbur Suðurnesja mun framfylgja viðbragðsáætlun íþróttafélaganna og Reykjanesbæjar í þessum málum, sjá www.irb.is

Viðbrögð Golfklúbbs Suðurnesja við brotum á reglum þessum verða fyrst í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum

og/eða keppni. Viðbrögð munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan Golfklúbbs Suðurnesja.

c: Hlutverk þjálfara, leiðbeinenda og starfsmanna

Þjálfarar, leiðbeinendur, starfsmenn skulu vinna eftir vímuvarnastefnu Golfklúbbs Suðurnesja, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.

Þjálfarar, leiðbeinendur og starfsmenn skulu miðla til barna og unglinga fróðleik um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum.

Þjálfarar, leiðbeinendur og starfsmenn skulu framfylgja stefnu Golfklúbbs Suðurnesja varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglinga.

d: Samstarf við foreldra

Golfklúbbur Suðurnesja mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum og stefnir auk þess að góðu samstarfi við foreldra um vímuvarnir.

Golfklúbbur Suðurnesja mun hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neyslu vandamáli iðkanda undir sjálfræðisaldri.

e: Einelti

Einelti er undir engum kringumstæðum umborið í starfi tengdu Golfklúbbs Suðurnesja. Mjög mikilvægt er að þjálfarar og aðrir starfsmenn séu vakandi og þekki einkenni eineltis.

Ef grunur vaknar um einelti ber öllum að:

- Tilkynna það strax til þjálfara eða annars starfsmanns Golfklúbbs Suðurnesja
- Þjálfarar þolanda og gerenda fara yfir hvernig eineltið birtist og hvað þarf að gera til að eineltið hætti
- Ávallt skal hafa samband við foreldra eða forráðamenn þolanda og gerenda
- Þjálfari ræðir við allan hópinn um mikilvægi góðra samskipta
- Iðkendur og þjálfarar ræða um einelti og setja hegðunarreglur og gera iðkendum grein fyrir því að einelti líðst hvergi
- Ef þessar aðgerðir virka ekki skal umsvifalaust hafa samband við fagaðila sem aðstoðar við mál sem slík

f: Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið í starfi tengdu Golfklúbbs Suðurnesja. Félagið mun fræða starfsmenn um einkenni kynferðislegs áreitiss og mikilvægt er að setja upp verklagsreglur vakni upp grunur um þess konar áreiti.

Ef grunur um kynferðislegt áreiti vaknar skal:

- Tilkynna grun um áreiti til viðeigandi stofnunar
- Hafa samband við lögreglu
- Leysa grunaðan starfsmann frá störfum á meðan rannsókn stendur
- Gæta þess að trúnaður sé veittur, bæði geranda og þolanda á meðan rannsókn stendur

11: Jafnréttismál

Félagið sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar, m.a. varðandi aðstöðu, fjármagn, þjálfun og félagsstarf, sbr. jafnréttisáætlun Golfklúbbs Suðurnesja í viðauka 1.

- Þjálfarar og leiðbeinendur skulu njóta jafnræðis óháð kyni, aldri og kynþætti.
- Iðkendur skulu njóta jafnræðis óháð kyni, aldri og kynþætti
- Stefnt er að jafnri þátttöku kynja.
- Árlega skulu jafnréttismál skoðuð og áherslur skilgreindar. Núverandi verkefni er að fjölga stúlkum.
- Almennt gildir að öðru leyti að framfylgja stefnu ÍSÍ, ÍRB og GSÍ í jafnréttismálum.

12: Umhverfismál

Iðkendur skulu hvattir til að fylgja gildandi stefnu ÍSÍ, ÍRB og GSÍ í umhverfismálum og sýna umhverfi sínu ávallt tilhlýðilega virðingu.

Eftirfarandi atriði eiga við:

- Foreldrar sameinist um akstur til og frá golfvöllinum og á mót utan bæjarfélagsins
- Félagar í Golfklúbbi Suðurnesja bjóði eftir því sem við á börnum og unglíngum far til og frá golfvöllinum með samþykki viðkomandi foreldra
- Iðkendur og foreldrar verði hvattir til að hjóla eða ganga til og frá golfvöllinum (þegar lagningu göngustígs hefur verið lokið)
- Pappírsmarkun verði takmörkuð
- Farið verði vel með búninga til að fyrirbyggja ótímabæra endurnýjun
- Takmarka notkun á einnota vörum eins og kostur er
- Ruslafötur verði settar upp til afnota á æfinga- og keppnissvæðum
- Endurnýtanlegar umbúðir verði flokkaðar og þeim skilað á viðkomandi flokkunarstöðvar
- Iðkendur virði og fari eftir umgengisreglum golfvallarins
- Iðkendur skulu fara vel með áhöld og búnað þannig að sem lengst ending verði tryggð
- Iðkendur taki þátt í að halda golfvöllinum og hans næsta umhverfi snyrtilegu og hreinu
- Iðkendur taki þátt í að virða, vernda og rækta dýralíf í nágrenni golfvallarins

Viðauki 1

Jafnréttisáætlun Golfklúbbs Suðurnesja

Jafnréttisáætlun Golfklúbbs Suðurnesja byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Bæði kyn, í sömu íþróttagrein og á sama aldri, fái jafn marga og sambærilega æfingatíma. Kynin hafi sambærilega aðstöðu/aðbúnað.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri. Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri	Árlega
Samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum. Kynjunum er ekki mismunað í fréttum eða í öðru efni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum. Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri	Árlega
Verðlaun beggja kynja innan allra flokka og greina eru sambærileg. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum.	Úttekt á verðlaunum eftir kyni Leiðrétt kynbundinn mun ef er. Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri	Árlega
Vinna gegn staðalmyndum kynjanna.	Úttekt á fjölda iðkenda innan hvernar íþróttagreinar eftir kyni. Gæta þess að bæði kynin eigi jafna möguleika til iðkunar íþróttagreinar/-greina.	Stjórn eða framkvæmdastjóri	Árlega
Koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara. Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun. Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir starfsfólki.	Stjórn	Árlega

ÞJÁLFAVAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna. Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins. Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri	Árlega

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins er sem jafnast og endurspeglar hlutfall iðkenda í viðkomandi íþróttagrein Bæði kynin koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns. Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn Stjórn	Árlega

EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin á að vera virk í öllu starfi félagsins, hún á að vera lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins. Jafnréttisáætlunin er í sífældri þróun. Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu. Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu. Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.	Stjórn	Árlega Fjórða hvert ár

Samþykkt af stjórn Golfklúbbs Suðurnesja 28.04.2021

Viðauki 2

Persónuverndarstefna Golfklúbbs Suðurnesja

Efnisyfirlit:

1. Almennar upplýsingar
2. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við, um hverja og hvernig ?
3. Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?
4. Miðlun
5. Öryggi
6. Geymsla og eyðing
7. Réttindi skráðra einstaklinga
8. Samskipti við Golfklúbb Suðurnesja og Persónuvernd
9. Breytingar

1. Almennar upplýsingar

Golfklúbbur Suðurnesja (GS), kt. 530673-0229 staðsettur í Leiru, Garðskagavegi, 232 Reykjanesbæ leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá GS. Persónuverndarstefnan tekur mið af regluverki persónuverndar eins og það er á hverjum tíma.

GS telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber samkvæmt því ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er aðgengileg á heimasíðu GS.

2. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við, um hverja og hvernig ?

GS vinnur meðal annars persónuupplýsingar um eftirfarandi flokka einstaklinga:

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Iðkendur
- Keppendur
- Viðskiptamenn (t.d. birgja, verktaka o.s.frv.)

Eðli og magn upplýsinganna sem safnað er fer eftir því hvaða einstaklinga er um að ræða. Ólíkum upplýsingum er safnað á milli flokka einstaklinga. Dæmi um flokka persónuupplýsinga og upplýsingar sem við vinnum eru:

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.
- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Félagsmanna- eða iðkendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, en persónuupplýsingarnar sem við vinnum koma venjulega beint frá skráðum einstaklingi. Þær geta þó einnig komið frá þriðja aðila eins og innheimtugerfinu Nóra eða Golfbox kerfinu. Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á;
- unnar þannig að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.

3. Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?

GS vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að GS. Einnig í markaðstilgangi, til dæmis þegar við sendum fréttabréf eða markpósta, byggjum við á upphaflegu samþykki einstaklingsins sem um ræðir.

Upplýsingar eru einnig stundum unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna, einkum þegar við skráum upplýsingar í gagnagrunninn Felix sem er gagnagrunnur á vegum ÍSÍ. Lögmætir hagsmunir okkar felast þá einkum í að halda utanum upplýsingar um meðlimi klúbbsins í því skyni að tryggja að þeir geti viðhaldið réttindum sem fylgja því að vera meðlimir. Við vinnum líka persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna myndavélaeftirlits í öryggis- og eignavörslutilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands. Það á við einkum um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um keppendur á grundvelli samnings eða skráningar þeirra í mót á vegum klúbbsins.

Þá fer vinnsla fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn á grundvelli samnings, lagaskyldu eða kjarasamninga. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

4. Miðlun

Almennt miðlum við ekki persónuupplýsingum einstaklinga sem eru skráðir hjá okkur. GS kann þó að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila við ákveðnar aðstæður. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu, eins og bókhald og tölvuþjónustu. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum þannig að hann geti þjónustað GS.

Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir GS að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

5. Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá GS og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar vinnslu sem um ræðir. Í því felst meðal annars innleiðing ferla og verklags, sem og tæknilegar öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga.

Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun GS tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber GS einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. Framkvæmdastjóri GS annast slíkar tilkynningar í samráði við formann stjórnar GS.

6. Geymsla og eyðing

GS geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslunnar sem um ræðir nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum. Að þeim tíma liðnum er upplýsingunum eytt.

Upplýsingar sem skráðar eru um einstaklinga í gagnagrunninn Felix, svo sem nafn og heimilisfang eru geymdar ótímabundið í gagnagrunninum á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna aðildar þessara einstaklinga að GS.

Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun GS varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til þangað til ekki er lengur þörf á upplýsingunum.

7. Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur GS og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: gs@gs.is. Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að skráðum persónuupplýsingum
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar persónuupplýsinga og eyðingar
- fá upplýsingar um vinnslu með persónuupplýsingar
- mótmæla vinnslu vegna beinnar markaðssetningar og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki fyrir vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila
- beina kvörtun um vinnslu til eftirlitsyfirvalda

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu GS á persónuupplýsingum. Þá kunna réttindi einstaklinga að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum GS.

Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum á grundvelli stefnu þessarar, svo sem með ökuskipteini eða vegabréfi. Það er gert til þessa að tryggja það að upplýsingarnar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

8. Samskipti við GS og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála GS er unnt að beina á netfangið gs@gs.is eða í gegnum síma 421-4100.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga hjá GS er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Upplýsingar um hvernig hafa má samband við Persónuvernd má finna á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

9. Breytingar

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu nýrrar útgáfu persónuverndarstefnunnar á heimasíðu GS, sbr.: www.gs.is.

Samþykkt í stjórn Golfklúbbs Suðurnesja 28.04.2021

Viðauki 3

Æfingaskrá

Nóvember til skólaloka

Æfingar fara fram í inniaðstöðu í Íþróttakademíunni, Reykjanesbæ. Iðkendur 13-18 ára fá einkaþjálfun í samráði við þjálfara.

12 ára og yngri – mánudaga, þriðjudaga, og fimmtudaga frá kl. 14.30-15.30 eða 15.30-16.30.

13 til 15 ára – mánudaga, þriðjudaga, og fimmtudaga frá kl. 16.30 til 17:30.

16 til 18 ára og meistaraflokkur – mánudaga, þriðjudaga, og fimmtudaga frá kl. 17:30 til 18:30.

Júní til september

Æfingar fara fram á æfingasvæðum GS og Hólmsvelli í Leiru. Iðkendur 13-18 ára fá einkaþjálfun í samráði við þjálfara.

12 ára og yngri – mánudaga til fimmtudaga frá kl. 09:30-10:30 eða 10.30-11.30

13 til 15 ára – mánudaga til fimmtudaga frá kl. 17:00 til 18:00.

16 til 18 ára og meistaraflokkur – mánudaga til fimmtudaga frá kl. 18:00 til 19:00.

Viðauki 4

Rekstrar- og fjárhagsáætlun Golfklúbbs Suðurnesja

	Áætlun 2020-2021	2019-2020
2. Félagsgjöld		
Félagsgjöld*.	40,000,000	40,918,487
Félagsgjöld samtals:	40,000,000	40,918,487
3. Framlög og styrkur		
Styrkir frá ríki og sveitaf.*.	20,960,000	21,278,278
Aðrir styrkir og ýmsar tekjur*.	8,700,000	8,226,899
Framlög og styrkir samtals:	29,660,000	29,505,177
4. Tekjur af mótum		
	9,000,000	8,536,025
5. Húsa og vallartekjur		
Flatargjöld*.	10,000,000	10,316,223
Leiga á sal*.	500,000	750,431
Boltaleiga*.	3,600,000	3,623,436
Leiga á settum, kylfum, golfbílum*.*	900,000	631,731
Húsa og vallartekjur samtals:	15,000,000	15,321,821
6. Aðrar tekjur		
Golfnámskeið og fl.*.	2,750,000	2,738,083
Golfhermir*.	130,000	126,000
Tekjur af veitingasölu*.	0	14,402,656
Tekjur af golfverslun*.	4,200,000	4,206,215
Aðrar tekjur samtals:	7,080,000	21,472,954

7. Laun			
	Laun og launatengd gjöld*.	34,194,204	33,198,256
	Starfsmannakostnaður*.	154,397	149,900
	Laun samtals:	34,348,601	33,348,156
8. Rekstur skrifstofu			
		3,400,000	3,073,110
9. Þjálfun og kennsla			
		11,193,339	10,708,528
10. Íþróttaleg samskipti og annar kostnaður			
	Árgjöld GSÍ*.	2,900,000	2,845,800
	Mótahald og annar kostnaður*.	4,430,000	3,200,162
	Vörukaup v. golfverslunar	4,000,000	3,162,613
	Íþróttaleg samskipti samtals:	11,330,000	9,208,575
11. Veitingasala			
	Vörukaup og rekstrarkostn.*.	1,000,000	8,106,029
	Kostnaður veitingas. samtals:	1,000,000	8,106,029
12. Rekstur mannvirkja			
		18,515,000	17,454,478
13. Rekstur golfvallar			
	Viðhald golfvallar *.	500,000	200,788
	Tæki og tól á völl *.	0	0
	Áburður og fræ *.	1,900,000	1,953,961
	Sandur og önnur jarðefni *.	2,200,000	2,249,884
	Annar kostnaður *.	150,000	113,886
	Rekstur golfvallar samtals.:	4,750,000	4,518,519

14. Rekstur véla og tækja

Viðhald véla og tækja*.	150,000	58,857
Bensín og olía*.	1,500,000	1,185,955
Gjaldfærð áhöld og tæki*:		460,241
Aðkeypt þjónusta*.	1,000,000	840,384
Tryggingar véla*.	300,000	209,153
Vinnueftirlit ríkisins*.	100,000	62,100
Rekstur véla og tækja samtals:	6,350,000	6,043,168
Styrkur til kolefnisjöfnunar	100,000	400,000
Tekjur	100,740,000	115,754,464
Gjöld	90,986,940	92,860,563
Afskriftir	5,000,000	5,000,000
Hagn./tap	4,753,060	17,893,901
Fjárfesting tækja		
Brautarslátturvél	7,200,000	
Golfbílar	3,000,000	
Eldhústæki	3,000,000	
Kostnaður samtals:	13,200,000	

Viðauki 5

Starfslýsing íþróttastjóra og þjálfara/aðstoðarmanna

Íþróttastjóri:

Heyrir undir stjórn Golfklúbbs Suðurnesja.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með þjálfun allra félagsmanna þar með talið barna og unglinga
- Gerð námsskrár
- Gerð og skipulag æfinga
- Gerð æfingaáætlunar
- Velur leikmenn í lið GS
- Samskipti við foreldra
- Skýrslugerð
- Skipulagning móta
- Skipulagning mótsferða
- Öryggi iðkenda
- Önnur tengd verkefni

Þjálfarar/aðstoðarmenn:

Yfirmaður: Íþróttastjóri

Helstu verkefni:

- Þjálfun yngri félagsmanna þ.e.a.s. barna
- Framkvæmd æfinga
- Aðstoð við mótahald
- Þátttaka í mótsferðum
- Önnur tengd verkefni

Viðauki 6

Nafnalisti – Íþróttastjóri/leiðbeinendur

Íþróttastjóri:

Sigurpáll Geir Sveinsson, PGA-golfkennari

Leiðbeinendur:

Logi Sigurðsson

Fjóla Margrét